

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í landi Eyrar, Kjósarhreppi.

*Miðbúð 1-7, breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 4. desember 2018 óverulega breytingu á deiliskipulagi í landi Eyrar.

Breytingin felur í sér að byggingarskilmálum fyrir Miðbúð 1-7 sem er íbúðarsvæði verður breytt hvað varðar byggingarmagn. Í gildandi deiliskipulagi er hámarksbyggingamagn 150 m<sup>2</sup> en eftir breytingu er byggingarmagnið miðað við að nýtingarhlutfallið verði 0,05. Breyting deiliskipulagsins sem telst vera óveruleg hefur verið kynnt án athugasemda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Miðbúð 6 og 7, breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 10. september 2015 breytingu á deiliskipulagi í landi Eyrar.

Breytingin felur í sér að lóðarmörk á milli lóðanna Miðbúð 6 og 7 breytast. Á Miðbúð 7 hefur verið byggt íbúðarhús. Afmörkun byggingarreits verður í samræmi við staðsetningu húss. Byggingarreitur Miðbúðar 6 færir til í samræmi við staðsetningu nýrra lóðarmarka. Áhrif breytinga á náttúru, umhverfi og nágretta er óveruleg.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kjósarhreppi, 27. september 2019.*

**Sigríður Klara Árnadóttir** starfandi oddviti.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. október 2019